

Reglur um akstursþjónustu fyrir eldri borgara í Borgarbyggð

1. gr. Markmið

Markmið með akstursþjónustu eldri borgara er að gera eldri borgurum í Borgarbyggð kleift að búa lengur heima. Borgarbyggð er með samning við aðila um að sinna umræddri þjónustu.

2. gr. Umsókn um akstursþjónustu

Umsókn um akstursþjónustu skal beint til Félagsþjónustu Borgarbyggðar í gegnum íbúagáttina. Uppfylli umsækjandi skilyrði 3. gr. fær hann afhent notendakort og upplýsingar um þær reglur sem gilda um akstursþjónustu fyrir eldri borgara í Borgarbyggð.

3. gr. Réttur til þjónustu

Akstursþjónustan er eingöngu fyrir 67 ára og eldri íbúa Borgarbyggðar með lögheimili í sveitarfélaginu, búa heima og geta ekki keyrt sjálfir. Þeir eldri borgarar sem dvelja tímabundið eða til langframa á dvalarheimili, hjúkrunarheimil og/eða sjúkrahúsi, eiga ekki rétt á akstursþjónustu samkvæmt reglum þessum. Um akstursþjónustu við eldri borgara sem eingöngu geta komist ferða sinna í sérútbúnum bifreiðum fer samkvæmt reglum Borgarbyggðar um ferðaþjónustu fatlaðra. Það á einnig við um akstur í dagdvöl aldraðra. Heimilt er að veita blindum einstaklingum, yngri en 67 ára, þjónustu samkvæmt reglum þessum.

4. gr. Skilgreining á þjónustu

Samkvæmt reglum þessum skal akstursþjónusta aðeins veitt innan marka sveitarfélagsins Borgarbyggðar. Hámarksfjöldi ferða er 20 ferðir á mánuði. Akstur er í boði alla virka daga frá kl. 8:00 – 18:00.

5. gr. Ferðir

Notendur skulu leitast við að vera tilbúnir til brottfarar í anddyri brottfararstaðar á umsömdum tíma. Bifreiðarstjóri bíður ekki meðan notandi sinnir erindum og bifreiðarstjóra er ekki heimilt að sinna sendiferðum fyrir notendur. Notanda er heimilt að óska eftir aðstoð bifreiðarstjóra við að komast að og frá bifreið og með farangur eftir þörfum.

Sveitarfélagið leggur ekki til aðstoðarmann fyrir notendur en þeim er heimilt að hafa með sér aðstoðarmann, sé það tekið fram þegar ferð er pöntuð. Aðstoðarmaður skal greiða sama gjald og notandi. Notendur skulu kvitta fyrir þjónustu á þar til gerðu eyðublaði sem bifreiðarstjóri framvísar. Sé notandi sjónskertur og ófær um að kvitta fyrir þjónustu, skal hann nota stimpil.

Notendur skulu greiða bifreiðarstjóra gjald skv. gjaldskrá. Séu fleiri en einn notandi í sömu bifreið skulu allir notendur greiða umsamið gjald. Undanþegnir gjaldskyldu vegna heimaþjónustu skulu þeir sem ekki hafa aðrar tekjur en ellilífeyri samkvæmt almannatryggingalögum.

6. gr. Málsmeðferð

Starfsmenn Félagsþjónustu Borgarbyggðar taka ákvarðanir samkvæmt reglum þessum í umboði velferðarnefndar Borgarbyggðar. Sé umsókn um þjónustu hafnað eða ágreiningur um túlkun reglna þessara, skal málið afgreitt með skriflegum hætti af starfsmönnum félagsþjónustu og jafnframt kynntur réttur notenda til að vísa málinu til velferðarnefndar. Kærufrestur til nefndarinnar er fjórar vikur frá því viðkomandi barst vitneskja um ákvörðun starfsmanna. Ákvörðun velferðarnefndar skal kynnt viðkomandi skriflega og um leið kynntur réttur hans til málsskots til úrskurðarnefndar velferðarmála, sbr. 17. kafla laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991.

Reglur þessar eru settar með vísan til ákvæða X. kafla laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991.

Reglurnar taka gildi 1. janúar 2020.

Samþykkt í velferðarnefnd 27. september 2019

og í sveitarstjórn Borgarbyggðar þann 10. október 2019.